



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Andrzej Górecki
Skipalón 27
220 Hafnarfjörður

Ísafjörður, 2. ágúst 2019
2017080049

Efni: Aðalgata 24, Suðureyri - Umsókn um lóð

Þann 07.09.2017 staðfesti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, tillögu skipulags- og mannvirkjanefndar vegna lóðaúthlutun lóða við Aðalgötu 24 skv. deiliskipulagi samþykkt í bæjarstjórn 03.11.2016.

Bókun skipulags- og mannvirkjanefndar:

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Andrzej Górecki, fái lóð við Aðalgötu 24 skv. núgildandi skipulagi og umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

Með vísan í gr. 3.4 í úthlutunar skilmálum Ísafjarðarbæjar þá eru liðnir meir en 12 mánuðir frá úthlutun, framkvæmdir hafa ekki hafist á lóð, né hafa verið gefin út byggingaleyfi. Hefur lóðaúthlutun sjálfkrafa fallið úr gildi. Það tilkynnist hér með.

Lóðin mun verða auglýst að nýju til umsóknar. Hafi framkvæmdaraðili hug á að byggja er bent á að sækja um að nýju.

Gr. 3.4

Byggingarfrestur á lóð eða byggingarsvæði er 12 mánuðir frá úthlutun og skal þá miðað við þá dagsetningu þegar lóðarúthlutun er staðfest af bæjarstjórn. Byggingarfrestur er sá tími sem lóðarhafi hefur til að fá byggingarleyfi skv. byggingarreglugerð ásamt því að hefja framkvæmdir á lóðinni. Hafi byggingarleyfi ekki verið veitt eða framkvæmdir ekki hafist á lóðinni að byggingarfresti liðnum fellur lóðarúthlutunin úr gildi. Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Ísafjarðarbæ. Greiði lóðarhafi ekki gjaldið skv. a lið 7. gr. sömu samþykktar fellur lóðarúthlutun úr gildi.

Virðingarfyllst,
ÍSAFJARÐARBÆR

Axel Rodríguez Överby
- skipulags- og byggingarfulltrúi -